



JÓNAS GUÐMUNDSSON

Málverkasýning um vor

að Kjarvalsstöðum

30.4.—8.5. 1977

Jónas sýnir

Ettir siglingar um heimshöfin sneri Jónas Guðmundsson heim til Íslands til að mála og skrifa. Gott ef hann leikur ekki á eitthvað af hljóðfærum. Þó stóðu öll hans próf til navigasjónar, þar sem menn beita sirkli á lengdar- og breiddarbauga eftir að hafa kíkt á sólina í gegnum Kólumbusaregg og fengið hin réttu dæmi til að standa upp á endann.

Þótt Jónas væri hérna á árunum að skrifa manni ýmist frá Kal-kúttu, Höfðaborg eða Góðvon, tók hann ekki upp siði þeirra Árna frá Geitastekk, Jóns Indíafara og Sveinbjarnar Egilson nema að takmörkuðu leyti, því sjóferðabækur Jónasar eru dularfullur, sagnfræðilegur skáldskapur með straumbrot frá hákarlsugga í kjölfarinu. Aftur á móti eru skip hans í málverkinu full af þekkingu og hafa farið kringum hnöttinn, a. m. k. sum hver. Sæfarinn hefur kosið að mála sjóferðasögu sína fremur en skrifa hana.

Auðvitað er margt fleira í vatnslitamyndum og oliuverkum Jónasar en skip. Og kannski er þessi sýning um eitthvað allt annað. Jónas er nefnilega margslunginn maður, og margt óvænt hefur út af hans munnni gengið. Myndirnar bera þessu vitni. Í þeim sjást ekki pensillfór nema endrum og eins, en í staðinn kominn litasveimur í ætt við veður og vind og morgunþoku á sjónum um það bil sem sólin kveikir í henni.

Jónas Guðmundsson er atkastamikill málari og hefur sýnt víða um land, stundum á menningarvikum á útkjálkum af því hann styttr skammdegið, stundum í háborg listanna, Reykjavík, þar sem menn toga skinnin. Þá hefur hann sýnt í öðrum löndum, einkum í Þýskalandi. Um tíma hélt maður að hann væri lagztur í siglingar, en þá var hann bara erlendis að sýna.

Um ekkert hefur verið skrifað eins mikið af óskiljanlegu máli og myndlist. Það væri því ekki velgjörningur, hvorki við Jónas Guðmundsson eða gesti hans á þessum heiðursdögum, að fara að hafa uppi orðfæri listfræðinga um trymi og lífskviku og slagkraft í málverkum á hvolfi. Aftur á móti ætla ég að vona að sýningin verði fólki til ánægju og flýti fyrir vorkomunni. Einnig að myndirnar beri styrki hendi sæfarans vitni — því nú er nóg af fálmi.